

180

19. des.

**AUGLÝSING**

um kærufrest út af skatti skv. eignakönnunarlögum.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að kærufrestur út af skatti samkvæmt 17. gr. eignakönnunarlaga nr. 67 frá 1947, skuli vera til 1. febrúar 1950.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1949.*

F. h. r.

E. u.

Kjartan Ragnars.

181

30. des.

**AUGLÝSING**

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1950.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 108 30 des. 1949 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1950.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaúkanum.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1949.*

Bjarni Benediktsson.

*Birgir Thorlacius.*

182

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupm. Jónssonar  
1. sept. 1947—31. ág. 1948.

**T e k j u r :**

1. Eign 1. sept. 1947:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	18623.48	
			kr. 27623.48
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	450.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	402.66	
			— 852.66
			<b>Kr. 28476.14</b>

**G j ö l d :**

1. Úthlutað styrk .....	kr.	200.00	
2. Eign í lok reikningsársins:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	19276.14	
			— 28276.14

**Kr. 28476.14**

Reykjavík, 25. október 1948.

Sigurgeir Sigurðsson. Páll Einarsson.